

## 20. Frumvarp

til laga um gæzlu landhelginnar o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

### 1. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af gæzlu landhelginnar. Fé til þess skal árlega veitt í fjárlögum.

### 2. gr.

Leifar Landhelgisjóðs, eignir hans og tekjur samkvæmt lögum, renna í ríkissjóð.

### 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Lög nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgisjóðs Íslands
2. Lög nr. 68, 3. nóvember 1915, um breytingu á lögum nr. 55, 10. nóvember 1913, um stofnun Landhelgisjóðs Íslands og
3. Lög nr. 34, 4. júní 1924, um breytingu á lögum nr. 68, 3. nóvember 1915 (Landhelgisjóður Íslands).

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Aðaltilgangurinn með þessu frv. er að leggja Landhelgisjóð niður, sem sérstakan sjóð. Peningaeign hans er nú litil orðin og eignir hans eru tiltölulega litlar aðrar en skipin og raunverulegar tekjur hans að lögum eru sektir fyrir brot gegn fiskveiðalöggjöfni og andvirði upptæks afla og veiðarfæra. Þar sem nú ríkið verður að halda uppi gæzlu landhelginnar og þar sem ganga verður út frá, að sektir þær, sem falla til, verði jafnóðum notaðar til að greiða kostnað af landhelgigæzlunni, þykir ástæðulaust að halda áfram sérstakri reikningsfærslu fyrir Landhelgisjóð, enda hefir reynslan sýnt að reikningshaldið verður á þenna hátt talsvert flóknara en vera þarf. Með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, renna sektir í ríkissjóð og hann greiðir svo hinn árlega kostnað og skal veita fé í fjárlögum árlega til þessa. Með þessu er lögbundin skylda ríkis-

sjóðs til að halda uppi gæzlu landhelginnar, en hversu miklu skuli til þess varið, verður fjárveitinarvaldið að skera úr á hverjum tíma.

Landhelgisjóður var í byrjun stofnaður til þess að safna fé til landhelgi-gæzlu í framtíðinni, með því að leggja til hliðar eða geyma og ávaxta það fé, sem inn kom í sektum fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Með þessu hefir sjóðurinn unnið stórkostlegt gagn, en eins og nú er komið er samt ekki ástæða til að halda sjóðnum sérstökum, nema ef tilætlunin væri að safna enn saman sektunum fyrir ólöglegar veiðar, en frá þeirri stefnu hefir þingið fallið fyrir alllöngu.

Að sjálfsgöðu gerir frv. þetta ekki ráð fyrir neinni breytingu á landhelgi-gæzlu þeirri, sem Danir halda hér uppi samkvæmt sambandslögunum.

Hinar einstöku gr. frv. þarfnast engra skýringa.